



STEFNA ÍSÍ UM ÞJÁLFARAMENNTUN

Stefna Íþróttahreyfingarinnar er hafa á að skipa nægilega mörgum menntuðum og hæfum þjálfurum, til að tryggja öllum iðkendum þjálfun við hæfi. Kröfur almennings um innihald og gæði þess starfs sem unnið er í Íþróttahreyfingunni fara vaxandi, ekki síst vegna þess að þar fer fram þýðingarmikið uppeldisstarf. Íþróttaþjálfarar eru mikilvægir áhrifavaldar í lífi ungs fólks og því er brýnt að þeir afli sér menntunar.

Með hugtakinu þjálfari er hér átt við hvern þann sem skipuleggur og stjórnar íþróttaæfingum.

1. Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og sambandsaðilar þess stefna að því:
 - að allir þjálfarar sem starfa fyrir Íþróttahreyfinguna hafi fullnægjandi og viðeigandi menntun.
2. að tryggja að starfsskilyrði þjálfara séu til fyrirmyndar og að menntun þeirra og þekking sé metin að verðleikum.
 - að auka þekkingu og skilning á mikilvægi góðrar þjálfaramenntunar bæði innan Íþróttahreyfingarinnar og á meðal almennings.
3. Til að ná þessum markmiðum stefna ÍSÍ og sambandsaðilar þess að því:
 - að reka fræðslukerfi sem veitir þjálfurum tækifæri til að afla sér viðeigandi menntunar fyrir alla aldurshópa og á öllum getustigum.
 - að fræðslukerfið standist alþjóðlegar kröfur um þjálfaramenntun.
 - að ÍSÍ beri ábyrgð á faglegu innihaldi í almennum þáttum þjálfaramenntunar sem sameiginlegir eru öllum íþróttagreinum, en sérsamböndin hvert um sig beri ábyrgð á faglegu innihaldi í þeim þáttum þjálfaramenntunarinnar sem eru sértækir fyrir viðkomandi íþróttagrein.
 - að endurmat á þjálfaramenntun fari reglulega fram bæði í almennum þætti ÍSÍ og sérgreina þætti sérsambanda.
 - að eiga samstarf við skólakerfið þannig að menntun sem aflað er hjá ÍSÍ sé metin til eininga og með sama hætti sé þjálfaramenntun sem aflað er í skólunum metin hjá ÍSÍ.





- að þjálfaramenntun íþróttahreyfingarinnar byggi á nýjustu rannsóknarniðurstöðum um þjálfun og samstarf verði haft við fræðasamfélagið.

Greinagerð:

Sú þjálfarastefna sem verið hefur í gildi var samþykkt á þingi ÍSí á Akranesi árið 1996, en þá var stefnt að því að koma þjálfaramenntun á fót. Þjálfaramenntun ÍSí var sett á laggirnar árið 2000 og hefur verið starfrækt síðan. Margt hefur breyst á þessum tíma og hefur þjálfaramenntunin tekið talsverðum breytingum samhliða þeirri þróun sem orðið hefur á samfélaginu. Kröfur samfélagsins á gæði þjálfunar eru sífellt að aukast og þarf menntun þjálfara því að vera í stöðugri endurskoðun.

Samþykkt á 74. Íþróttþingi ÍSí þann 4. maí 2019.

